

LÓA Language School sf.
Keilufelli 2
111 Reykjavík

Kópavogi, 15. nóvember 2021
Tilvísun: M21030579

Efni: Viðurkenning framhaldsfræðsluaðila til eins árs

Vísað er til umsóknar LÓA Language School sf. sem dagsett er 25. febrúar 2021 þar sem sótt er um viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu veitir ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Viðurkenningin veitir nemendum ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Menntamálastofnun hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi LÓA Language School sf. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 ásamt yfirlýsingum og viðaukum. Meðal atriða sem metin voru sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með LÓA Language School, kt: 421120-0560, viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til eins árs frá dagsetningu þessa bréfs. Áður en til endurnýjunar á viðurkenningu kemur ber fræðsluaðila að fullvinna og innleiða innra gæðakerfi og sjálfsmat þannig að skilyrðum IV.kafla um mat og eftirlit með gæðum í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 sé fullnægt.

Arnór Guðmundsson, forstjóri

(Undirritað rafrænt)